

EFTIRLITSSKÝRSLA

CRI í Svartsengi Svartsengi, Grindavík



Dags eftirlits	3.9.2013	Fulltrúi UST	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Fyrirtæki	CRI í Svartsengi	Fulltrúi UST	Ásgeir Björnsson
Heimili	Borgartún 27, Reykjavík	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	530306-0540	Flokkur	Verksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Gunnar Þórðarson	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis	Ormar Sigurbjörnsson	Staðsetning	329903,036 383317,415

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt frávík kom fram við eftirlit, hvað varðar magn alkóhóls í frárennsli og ein athugasemd var gerð hvað varðar rekstrarhandbók.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir starfsleyfið og minnt á skiladaga skv. því.

Gerð var mæling á VOC efnum í útblæstri þann 21. júní sl. og voru niðurstöður þeirrar mælingar vel innan marka.

Rekstraraðili hyggst sækja um nýtt starfsleyfi vegna stækkunar verksmiðjunnar og verður beðið um endurskoðun ákvæðis gr. 2.8 í starfsleyfi og þá m.t.t. þeirra mælinga sem gerðar hafa verið. Óskar rekstraraðili eftir fundi með Umhverfisstofnun til að ræða umsókn um nýtt starfsleyfi. Vinna við stækkunina er hafin og stefnt er að því að bæta við rafgreini um mitt næsta sumar.

Rekstrarhandbók hefur verið yfirfarin og endurbætt en var ekki til staðar við eftirlit. Verður hún skoðuð í næsta eftirliti.

Verksmiðjan var skoðuð að innan sem utan en var framleiðsla ekki í gangi þegar eftirlit fór fram. Alls hefur verksmiðjan verið keyrð í 32 sólarhringa frá 7. júní til 15. júlí.

Frávík frá

gr. 2.8 í starfsleyfi

Lýsing á frávíki

Rekstraraðili skal eyða alkóhóli í frárennsli. Skv. bréfi frá Umhverfisstofnun frá 18.2.2013 er kveðið á um að styrkur alkóhóls í frárennsli skuli ekki fara yfir 20ppm. Styrkur mælinga var mun meiri, eða um 42,4 ppm þann 19.6.2013 og 1200 ppm þann 1.7.2013 í vatnsbotni frá eimingu. Vatnsbotninn sameinast þéttivatni gufu og skolvatni sem eykur þynninguna. Enn hefur ekki verið hægt að mæla styrk alkóhóls í borholunni sjálfri. Rekstraraðila er bent á að sækja um undanþágu frá ákvæði greinar 2.8 í starfsleyfi til

ATHUGASEMDIR

Skv. gr. 3.3. í starfsleyfi skal skrá reglulega upplýsingar í rekstrarhandbók og skulu skráningar vera aðgengilegar eftirlitsaðila. Bókin var ekki á staðnum og verður því skoðuð í næsta eftirliti.

ANNAÐ

Niðurstöður tveggja mælinga alkóhóls í vatni voru afhendar í eftirliti, frá 19.6.2013 og 1.7.2013.

Rekstur verksmiðjunnar er svipaður og verið hefur. Nýjar stýringar hafa verið settar á eyminguna og er því hægt að keyra hana sjálfvirk í dag sem eykur á stöðugleikann og vonast er til að sveiflur í alkóhóli í útrásinni minnki við þetta.

Bætt hefur verið við sýnatökupunti á frárennsli vothreinsibúnaðar.

Reykjavík, 13.09.2013

Guðbjörg Stella Árnadóttir

1 Frávík: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávík.